

AUGLÝSING

um deiliskipulagstillögur í Skaftárhreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

Deiliskipulag við Eldgjá.

Deiliskipulagssvæðið nær til um 30 ha svæðis í og við Eldgjá. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir viðveruhúsi og snyrtiaðstöðu, göngubrú yfir Nyrðri Ófæru, útsýnispöllum við Eldgjá og gervigíg, upplýsingaskilti, tanki fyrir neysluvatn, rotþró og að göngustígur við Eldgjá verði endurbyggður.

Deiliskipulag við Langasjó.

Deiliskipulagssvæðið tekur til um 4 ha svæðis sunnan við Langasjó. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 20 m² snyrtihúsi, tjaldsvæði, upplýsingaskiltum og bílastæði.

Kirkjubæjarklaustri, 27. nóvember 2013.

F.h. sveitarstjórnar Skaftárhrepps,

Vigfús Þór Hróbjartsson, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B-deild – Útgáfud.: 11. desember 2013